



BRÁÐADAGURINN

**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á ráðstefnunni
Fjölbreytileiki í bráðapjónustu
Reykjavík
2. mars 2018**

Góðir gestir á Bráðadegi,

Ég þakka það tækifæri að fá að ávarpa ykkur við upphaf þessa málfings um bráðapjónustu í öllum hennar fjölbreyttu myndum. Í samfélagi okkar verða því miður alltaf áföll og óhöpp, veikindi og voðaverk. Bráðan vanda ber að höndum og þá er brýnt að brugðist sé við af þekkingu og færni. Hvern dag er fólk á vakt hér á landi, tekur við og sinnir þeim sem þurfa á bráðapjónustu að halda, og það ber að þakka. Þessi ráðstefna er til vitnis um það að alltaf megi samt gera betur, fræðast af öðrum, læra af liðinni reynslu.

Þá er auðvitað af nógu að taka, því miður. Hér verða flutt mörg fróðleg erindi. Meðal annars verður rýnt í rútuslysið alvarlega nálægt Kirkjubæjarklaustri undir lok síðasta árs. Fjöldi kínverskra ferðamanna var í langferðabifreiðinni, tveir þeirra létust. Orðið viðbragðsaðili þykir mér óþjált og ófagurt en það breytir því ekki að viðbragðsaðilar eru gulls ígildi þegar á þá reynir. Fyrst á slysstaðinn við Klaustur var hjúkrunarfræðingur og sjúkraflutningamaður, Auðbjörg Brynja Bjarnadóttir. Hún sýndi kunnáttu í verki, ein á vettvangi uns fleiri komu að. „Það fylgir svona umfangsmiklu slysi að það var auðvitað kaos á staðnum,“ sagði Auðbjörg síðar: „Mikið af grátandi fólki og mikið af fólki í uppnámi ... en ég held að reynslan hafi hjálpað manni að halda ró og gefa manni styrk.“

Síðan lögðust allir á eitt, heilbrigðisstarfsfólk og aðrir á Suðurlandi, á Landsspítalanum hér í Reykjavík og fólk var meira að segja í viðbragðsstöðu

víðar. Einn þeirra sem kom að björgunaraðgerðum skrifaði svo stuttu síðar: „... vonum að við fáum tíma til að undirbúa okkur áður en næsta hópslys verður, það er bara spurning um tíma og staðsetningu, því miður.“

Já, í lok síðasta mánaðar varð aftur slys, rúta valt af Borgarfjarðarbraut, með hóp franskra skólakrakka. Betur fór en á horfðist, enginn slasaðist alvarlega. Í hvassviðrinu sem þarna ríkti var bílstjórinn Magnús Kristjánsson nýbúinn að brýna fyrir farþegum að vera í bílbeltum og færi svo að rútan ylti ættu allir að halla sér frá rúðum og inn í ganginn. Þessum heilræðum Magnúsar fylgdu frönsku ungmennin.

Góðir áheyrendur: Eftir fyrra slysið sem ég hef minnst á hér sáum við mikilvægi þess að eiga öfluga viðbragðsaðila og bráðapjónustu sem stendur undir nafni. Seinna slysið má hafa til merkis um mikilvægi aðgæslu. Í bráðapjónustu eru bestu dagarnir þegar lítið sem ekkert er að gera. Með forvörnum, fyrirbyggju og fræðslu er hægt að fjölga þeim sælustundum á bráðadeildum, þótt ég þykist vita að margt sé hægt að vinna milli mestu annastunda.

Og alltaf er grundvöllurinn sá að vilja sinna þeim sem þurfa á bráðri aðstoð að halda. Hér á eftir munið þið horfa fram á veg, sjá hvernig við mætt áskorunum í bráðapjónustu. Það er þarft en leyfið mér í lokin að líta aðeins um öxl. Orðið bráðapjónusta er tiltölulega nýtt í máli okkar, í fjölmiðlum og ritmálssafni Orðabókar Háskólans eru elstu dæmin frá áttunda áratugi síðustu aldar. Í fornum sögum okkar má hins vegar finna frásagnir af því sem kalla má bráðapjónustu, oftast en ekki eftir bardaga og vígafarli, og eru lýsingar á áverkum þá gjarnan krassandi. Í Eyrbyggju segir frá því að eftir einn hildarleikinn hafi þeir Þorbrandssynir verið færðir heim til Helgafells og bundin sár þeirra:

Þóroddur Þorbrandsson hafði svo mikið sár aftan á hálsinn að hann hélt eigi höfðinu. Hann var í leistabrókum og voru votar allar af blóðinu. Heimamaður Snorra goða skyldi draga af honum. Og er hann skyldi kippa brókinni fékk hann eigi af honum komið.

Þá mælti hann: „Eigi er það logið af yður Þorbrandssonum er þér eruð sundurgerðamenn miklir að þér hafið klæði svo þröng að eigi verður af yður komið.“

Þóroddur mælti: „Vantekið mun á vera.“ Eftir það spyrnti sá öðrum fæti í stokkinn og togaði af öllu afli og gekk eigi af brókin.

Þá gekk til Snorri goði og þreifaði um fótinn og fann að spjót stóð í gegnum fótinn milli hásinarinnar og fótleggsins og hafði níst allt samt, fótinn og brókina. Mælti Snorri þá að hann væri eigi meðalsnápur að hann hafði eigi hugsað slíkt.

Snorri Þorbrandsson var hressastur þeirra bræðra og sat undir borði hjá nafna sínum um kveldið og höfðu þeir skyr og ost. Snorri goði fann að nafni hans bargst lítt við ostinn og spurði hví hann mataðist svo seint. Snorri Þorbrandsson svaraði og sagði að lömbunum væri tregast um átið fyrst er þau eru nýkefld.

Þá þreifaði Snorri goði um kverkurnar á honum og fann að ör stóð um þverar kverkurnar og í tunguræturnar. Tók Snorri goði þá spennitöng og kippti brott örinni og eftir það mataðist hann.

Kæru vinir: Ég læt nægja þessa einu lýsingu af áverkum og bráðþjónustu á söguöld. Nú skulum við fræðast, læra af liðinni tíð og horfa björtum augum til framtíðar. Væntanlega og vonandi munuð þið seint þurfa að hjálpa fólki sem hefur spjót milli hásinar og fótleggs eða ör um kverkar. Á hinn bóginn er það eflaust skynsamlegast í allri bráðþjónustu að vera ætíð við öllu búin. Allt getur gerst. Gangi ykkur vel.